

Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð.

Fundur á Teams 14.11.2022 kl. 13:00

Fundarmenn:

Davíð Örvar Hansson f.h. Umhverfisstofnunar.

Aðalbjörg Sigmarsdóttir og Guðmundur Sigmarsson f.h. landeigenda Hrafnabjarga.

Eyþór Stefánsson f.h. heimastjórnar Borgarfjarðar.

Ása M. Einarsdóttir f.h. FSRE/landeigenda Unaóss-Heyskála.

Markmið fundar

Kynning á vinnu við gerð stjórnunar og verndaráætlunar.

Fundarefni

- *Farið var yfir markmið vinnunar og lagalegar forsendur stjórnunar og verndaráætlunar.*
- *Drög að verk og tímaáætlun kynnt.*
- *Drög að samráðsáætlun kynnt en notast var við lista sem var notaður í vinnu við friðlýsingu svæðisins. Ekki komu fram tillögur að viðbótum á listann en óskað eftir upplýsingum ef fjölga ætti aðilum á listanum. Ábending kom fram frá FSRE að þess þyrfti að gæta að ábúendur á Unaósi væru á samráðslista.*

Spurning kom fram um hvernig ágreiningsmál yrðu útkljáð ef ekki væri samstaða í hópnum er varða ákvarðanir. Umhverfisstofnun er sá aðili sem ritstýrir vinnu við gerð stjórnunar og verndaráætlun og sér til þess að áætlunin uppfylli- og sé innan lagalegs ramma auk þess að bera lagalega ábyrgð á gerð áætlunarinnar. Leitast verður við að leysa ágreining með því að leita sameiginlegra lausna. Ekki var því tekin afstaða til þess hvernig leyst væri út ef ekki næðist sátt en reynslan er sú að hægt er að finna lausnir þar sem hagsmunum er mætt.

Næstu skref

- Davíð sendir glæsur, verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun á samstarfshópinn.
 - Samstarfshópur sendir athugasemdir ef einhverjar eru.
- Davíð útbýr kynningu um að vinna við gerð stjórnunar og verndaráætlun sé hafin.
 - Birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og annarra eftir föngum.
- Davíð hefur vinnu við kafla 1 og 2 í stjórnunar og verndaráætlun.

Næsti fundur verður boðaður þegar 1. og 2. hefur verið sendur samstarfshóp.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45.